



Borgarráð

Lambhagavegur 5, úthlutun lóðar og sala byggingarréttar.

Óskað er eftir því að borgarráð úthluti Optima Kapp ehf. kt. 420307-3570, Miðhrauni 2 Garðabæ, 4040 fermetra lóð við Lambhagaveg 5. Verð lóðarinnar er kr. 98.980.000 en þar af er gatnagerðargjald kr. 54.116.608.- og er greitt fyrir byggingarréttinn kr. 44.863.392. Á lóðinni er heimilt að byggja allt að 2.828 fermetra atvinnuhúsabyggingu. Lóðin er skilgreind sem atvinnulóð. Fyrirtækið framleiðir ískrapakerfi fyrir matvæli og eru núverandi starfsstöðvar þess í Garðabæ.

Greiðslufrestur er 45 virkir dagar frá samþykki borgarráðs á kauptilboði. Verði ekki af greiðslu kaupverðs byggingarréttarins í samræmi við ofangreint innan tilskilins frests eða ef að vanskil verða á einstökum gjalddögum kaupverðsins getur það varðað riftun á sölu byggingarréttarins og afturköllun á úthlutun lóðar. Sama á við ef framkvæmdafrestir eru ekki virtir.

Lóðarhafi á ekki rétt á því að skila umræddri lóð aftur til Reykjavíkurborgar gegn endurgreiðslu lóðarverðsins sbr. lokamálslið greinar 1.14. í almennum lóða og framkvæmdaskilmálum frá því í júní 2013. Lóðarhafa er heimilt að framselja rétt sinn með leyfi borgarráðs þar til lóðarleigusamningur hefur verið gefinn út. Eftir að lóðarleigusamningur hefur verið gefinn út er framsal lóðarinnar frjálst.

Fráveituheimæðagjald kr. 391.286 er innheimt af Veitum ofh. (áður Orkuveitu Reykjavíkur).

Ef samþykktar verða stærrí byggingar á lóðinni en sem nemur viðmiðunarstærð gatnagerðargjalds á lóðinni skulu byggingaleyfishafar greiða auk viðbótargatnagerðargjalds, uppreiknað kaupverð byggingarréttarins fyrir þá fermetra sem bætast við núverandi byggingarheimildir skv. samþykktu deiliskipulagi sem gildir í dag. Skipulagsbreyting að ósk lóðarhafa leiðir aldrei til lækkunar söluverðs byggingarréttar.

Lóðin er afhent í núverandi ástandi sem lóðarhafi hefur kynnt sér og sættir sig við. Að öðru leyti gilda um lóðina almennir lóða- og framkvæmdaskilmálar frá júní 2013, sjá hér [reykjavik.is/lodir](http://lukrskjol.reykjavik.is/lodir) og deiliskipulagsskilmálar fyrir Lambhagareit í Reykjavík, auglýst í B-deild stjórnartíðanda 3. sept. 2010, sem hægt er að skoða á vefnum:

http://lukrskjol.reykjavik.is/skipulagssja/upplýsingar/DSK_PDF/Lambhagaland_29_04_2010.pdf

Nánari ákvæði verða sett um leigu fyrir lóðina í lóðarleigusamningi. Lóðarleigusamningur verður gerður við lóðarhafa þegar lóðin er greidd.

